

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Blásali í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 19. nóvember 1998 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Blásali 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13. Í breytingunni felst eftirfarandi:

1. Parhús við Blásali 1, 3, 5 og 7, ásamt raðhúsum við Blásali nr. 9, 11 og 13 verði felld út af skipulagi og í þeirra stað komi fjögur fjórbylíshús.
2. Í stað sjö lóða komi fjórar.
3. Í stað þriggja bygginga komi fjórar.
4. Húsin verði tveggja hæða í stað einnar hæðar og í hverju þeirra verði tveir innbyggðir bílskúrar.
5. Íbúðum fjölgar um níu.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 30. september til 28. október 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 8. desember 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Námssjóð Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Námssjóður Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Eskifirði.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja ungt og efnalítið fólk á Eskifirði til framhaldsnáms í viðurkenndum menntastofnunum jafnt innanlands sem erlendis.

3. gr.

Stofnandi sjóðsins Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., leggur fram kr. 1.000.000 sem stofnfé. Tekjur sjóðsins til framtíðar verða frjáls framlög, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem stjórn sjóðsins aflar. Eignir sjóðsins skulu aldrei vera minni en kr. 471.000 að raungildi miðað við lánskjaravísitölu septembermánaðar 1998.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Einum kjörnum af stjórn Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. og skal hann gegna stjórnarformennsku. Stjórnarformaðurinn skal velja sér tvo meðstjórnendur úr hópi kvenna er starfa hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. Jafnframt skal stjórnarformaðurinn velja tvo varastjórnarmenn úr sama hópi.

Starfstímabil hvernar stjórnar er tvö ár.

Hlutverk stjórnar er að vinna að tilgangi sjóðsins og annast rekstur hans.

Stjórnin skal halda bókhald um rekstur og eignir sjóðsins og gera árlega skýrslu um störf sín, sem kynna skal á aðalfundi Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. ár hvert.

Stjórnin skal halda fundagerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Stjórnin setur sér nánari starfsreglur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum á ári hverju og úthluta úr honum telji hún umsókn eða umsóknir falla að tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf.

7. gr.

Kostnað af starfsemi sjóðsins skal greiða af tekjum sjóðsins.

8. gr.

Til að leggja megi sjóðinn niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Þar að auki þarf endanlegt samþykki meirihluta aðalfundar Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf. Verði ákveðið að leggja sjóðinn niður skal stjórn sjóðsins úthluta öllum fjármunum sjóðsins í samræmi við tilgang hans eða láta eignir sjóðsins renna til viðurkennds góðgerðarmálefnis.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari er unnt að breyta með samþykki meirihluta sjóðstjórnar. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. desember 1998.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUR

um heiti og merkingu textílvára.

I. KAFLI

Gildissvið, undanþágur og skilgreiningar.

1. gr.

- 1.1 Reglur þessar taka til heita og merkinga textílvára.
- 1.2 Einungis er heimilt að markaðssetja textílvörur fullbúnar, meðan á vinnslu stendur eða áður en hún hefst og á öllum stigum dreifingar séu þær í samræmi við ákvæði reglna þessara.

2. gr.

- 2.1. Ákvæði reglna þessara gilda ekki um textílvörur sem:
 1. eru ætlaðar til útflutnings,
 2. eru fluttar með umflutningi (transit purposes) undir eftirliti tollyfirvalda,
 3. eru fluttar inn með tilliti til útflutnings aftur eftir vinnslu.